

Á leið til Venusar

Framhald af 7. síðu.

Hlutverk athugunarstöðvarinnar.

Aðalþýðing þessa stjarnferðalags er fólgið í því, að hér er í fyrsta sinn framkvæmt það sem síðar þarf að gerast í margfalt stærra stíl til að hægt verði að koma lifandi mönnum til annarra hnatta: geimeldflaug er skotið frá gerfihnetti fyrir utan jörðina.

Þar með eru vissulega ekki öll kurl komin til grafar. Í athugunarstöðinni, sem eldflaugin ber, hefur verið komið fyrir margvíslegum mælitækjum, sem skila til jarðarinnar margskonar vísindalegum staðreyndum. Í fréttatilkynningu Tass segir, að tæki þessi rannsaki geimgeisla, segulsvið, geimryk, árekstra við örsmáa loftsteina. Öll mælitæki hafa hingað til starfað eðlilega svo og rafhlöður þær, sem afla stöðinni nauðsynlegrar orku frá sólinni.

Auk þess er auðsjáanlega ætlað til þess, að athugunarstöðin komi einhverjum upplýsingum um Venus til jarðarinnar. En ekki er þess getið, hvers eðlis þær upplýsingar myndu verða, enda er ekki hægt að fullyrða enn með vissu, hvort öll mæli og senditæki muni starfa einsog til var ætlað eftir þrjá mánuði, þegar þau komast næst Venusi.

Áhugi manna fyrir þessu vandamáli er mjög mikill, og er það að vonum, því Venus, þessi næsti nábúi okkar af reikistjörnum, er um leið sú minnst þekkta (að Plúton undanskildri). Yfirborð Venusar er hulið þykkum skýjahjúp, og það er enn mikil ráðgáta, hvað undir býr. Menn deila um það, hve sólarhringurinn sé langur á Venusi; sumir segja 22 st., aðrir 225 jarðar-sólarhringar.

Kenningin um hitastigið á stjörnunni reika frá 33—39 gráða frosti uppí 170 gráða hita. Sumir segja, að vatn sé ekki til á Venusi, sakir hins mikla hita, heldur aðeins vatnsgufa. Aðrir halda því fram, að yfirborð Venusar sé hulið höfum. Þeir þriðju álíta, að þar ríki nú svipuð lífs-skilyrði og voru á jörðinni á steinkolatímabilinu.

Þessi skóra stjarna, sem fornmenn kölluðu Lucifer, eða Ljósberann, er því verðug rannsóknarstofa vísindanna.

Framtíðarhorfur

Þessi sýðasta geimferð færir okkur allmiklu nær þeim degi, þegar maðurinn fer sjálfur að fljúga um himininn hans gvuðs.

Af sjálfu leiðir, að enn er margt ógert. Það þarf til dæmis, að koma upp gríðarmikilli þækistöð fyrir utan jörðina. Þangað þyrfti að senda margar eldflaugar með svo sem fimmm tonn af gagnlegum farmi hverja. Þess ber og að geta, að ásamt þessum gagnlega farmi kemur síðasta þrep eldflaugarinnar með alla leið, — og það þrep, sem er nokkrum sinnum þyngra en

sjálfur spútníkin, er ágætis byggingarefni, — hinum stóru eldsneytisgeymum mætti breyta í geymslur og önnur þessháttar húsakynni. Það er jafnvel hugsanlegt, að láta hylki geyma eldsneytið út að þækistöðinni, og breyta því síðan í íbúðarklefa í geimskipi. Og þannig má láta ímyndunaraflið halda áfram allt þangað til við komum að landamærum þess sem við í dag teljum ótrúlegt.

Vissulega er langt í land. En sovétkir vísindamenn stigu í fyrradag eitt af hinum þýðingarmiklu sporum í áttina til annarra hnatta. — og það er full ástæða til að óska þeim til hamingju með þetta afrek.

Hvenær viðurkenna atvinnurekendur í Eyjum ósigurinn?

Framhald af 1. síðu.

telja sig geta við unað, á fiskverði. Engum heilvita manni dettur í hug að stætt sé á því að neita landverkaþólki einu um óhjákvæmilegar kjarabætur.

Hentugasti tíminn

Því hefur verið haldið fram hér í stjórnarblöðunum að Vestmannaeyjum hafi verið att út í verkfall, þeir séu „tilraunakáninur kommúnista“. Auðvitað tóku Vestmannaeyingar einir ákvörðun um kjarabaráttu sína og þeir völdu einnig þann tíma sem þeir töldu atvinnurekendum hagkvæmastan. Þegar verkfallið hófst var alger stöðvun í Vestmannaeyjum og hafði verið frá áramótum vegna róðrabanns útgerðarmanna. Verklýðsfélögin töldu einsætt að stöðvunartímabilið væri notað til þess að semja einnig um kjör verka-

Íslensk deild á listiðnaðarsýningu í München

Nýverið hefur Félagi húsgagnaarkitekta verið falið að sjá um íslenska deild á Hand- og listiðnaðarsýningu í München í Þýskalandi, er haldin verður dagana 31. maí til 11. júní.

Þessi sýning er haldin árlega og hafa Íslendingar tvívegis tekið þátt í henni, m.a. hlaut Ásgerður Búadóttir þar gullverðlaun fyrir myndvefnað fyrir nokkrum árum og einnig fékk íslenska sýningardeildin gullverðlaun fyrir smekklegt og árumlegt skipulag.

Þeir munir, sem helzt kemur til greina að senda til München eru húsgögn, gull-, silfur- og önnur málmsmíði, beinvinna, vefnaður, leirker o.fl. sem einkum lýtur að hýbýlaprýði. Lögd verður áherzla á að senda aðeins hið bezt. Formaður Félags húsgagnaarkitekta, Hjalte Geir Kristjánsson, gefur allar upplýsingar varðandi sýninguna.

Ingi R. efstur

Lokið er nú sex umferðum á Skákþingi Reykjavíkur og er staðan í meistaraflokki þessi að þeim loknum: 1. Ingi R. Jóhannsson 4½ vinning og biðskák, 2. Sigurður Gunnarsson 4½ 3.—6. Benóný Benediktsson, Guðjón Jóhannsson, Gylfi Gíslason og Sigurður Jónsson 4 vinninga hver. Alls eru 22 þátttakendur í meistarafl. og verða teflar 9 umferðir eftir Monradkerfi. Keppnin í meistaraflokki hefur verið jöfn og spennandi eins og vinningar sýna. Hefur Ingi R. ekki sýnt þá yfirburði sem við var búzt og ekki teflt jafn örugglega og oft áður, m.a. hefur hann tvívegis komið í alvarlega taphættu, gegn þeim Lárusi Johnsen og Sigurði Jónssyni.

Næsta umferð verður tefld á morgun, föstudag, í Sjómannaskólanum.



Þjóðleikhúsið sýnir leikinn „Engill horfðu heim“ í 28. sinn í kvöld. Aðsókn að leiknum hefur verið mjög góð og er það sjaldgæft að leikur alvarlegs eðlis gangi svo vel. „Engillinn“ var frumsýndur í byrjun október sl. og hefur verið sýndur óslitið síðan.

Það er álit margra að hér sé um að ræða eina beztu sýningu, sem lengi hefur verið völ á. Sérstaka athygli vekur sterkur og áhrifaríkur leikur Róberts Arnfinnssonar og Guðbjargar Þorbjarnardóttur í aðalhlutverkunum — og er myndin af þeim.

Seðlabankinn

Framhald af 12. síðu.

Sé ætlunin, að stofnlánadeild þessi starfi áfram að öðru leyti en því að innheimta gömul lán, þá er augljóst mál, að rekstur deildarinnar er á allt öðrum grundvelli en venjuleg seðlabankastörf. Ég teldi því rétt að fella 5. gr. frumvarpsins niður.

2. Innlánsdeildir samvinnufélaga og binding innstæðufjár í Seðlabankanum

Ég er andvígur þeim ákvæðum frumvarpsins, sem heimila Seðlabankanum að krefjast þess, að innlánsdeildir samvinnufélaga og smærri sparisjóðir skuli binda nokkurn hluta af innstæðufé sínu í Seðlabankanum. Ég tel þó eðlilegt, að Seðlabankinn hafi slíkt vald yfir öðrum bönkum og

stærstu sparisjóðunum.

Ráðstafanir eins og þær, sem nú hafa verið ákveðnar af Seðlabankanum, að skylda alla sparisjóði landsins og allar innlánsdeildir samvinnufélaga til þess að eiga nokkurn hluta af innstæðufé sínu á reikningi í Seðlabankanum og algerlega án tilhlits til rekstraraðstöðu viðkomandi sparisjóðs eða innlánsdeildar, álit ég ranglátar og hættulegar. Ég tel óeðlilegt, að beitt sé hinum hörðustu ákvæðum til þess að knýja fé úr litlum innlánsdeildum og sparisjóðum úti á landi til geymslu á reikningum í Seðlabankanum í Reykjavík.

3. Stjórn bankans

Gert er ráð fyrir í frumvarpinu, að bankastjórar Seðlabankans verði 3, eða fjölgað um 1 frá því, sem nú er. Ég tel ekki þörf á þessari fjölgun bankastjóra og allra sízt þar sem ráðgert er í bankamálafrumvörpum ríkisstjórnarinnar að halda áfram rekstri Framkvæmdabankans sem sérstaks banka, en sá banki starfar að verulegu leyti að venjulegum seðlabankastörfum. Ég hefði talið réttara að sameina Framkvæmdabankann Seðlabankanum, og hefði þá miklu fremur komið til mála að fjölga bankastjórum Seðlabankans, eins og nú er lagt til.

★

Lúðvík flytur við 2. umræðu þá breytingartillögu að 5. gr. frumvarpsins falli niður, en hún fjallar um Stofnlánadeildina.

Óhjákvæmilegur kostur

Ríkisstjórnin og Vinnuveitendasambandið hafa gert deiluna í Vestmannaeyjum að máli þjóðarinnar allrar, hagsmunabaráttu alþýðusamtakanna í heild og allra þeirra sem eiga um sárt að binda af völdum viðreisnarinnar. Verklýðsfélög um land allt hafa skipað sér viðhlið verkafólks í Eyjum með fjárframlögum, en þann stuðning þarf nú að auka mjög stórlega á sem skemmstum tíma. Það þarf að gera ríkisstjórninni og Vinnuveitendasambandinu ljóst, að verklýðssamtökin í Eyjum eru ósigrandi vegna þess að öll alþýða Íslands lítur á árangur Vestmannaeyinga sem sinn árangur. Það er ekki aðeins þjóðarnauðsyn heldur og óhjákvæmilegur kostur valdhafanna að semja við Vestmannaeyinga tafarlaust.